

**52. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar
fimmtudaginn 29. október 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Eyþór Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

DAGSKRÁ:

I. Fundargerðir nefnda og ráða.

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 15.10.2009
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
Til máls tóku:
- b. Fundargerð USB dags. 26.10.2009
Í fundargerðinni undir lið 1. A leggur USB til að gjaldskráin verði kr. 120 pr.m² með VSK. og lámarks leigustærð verður 12m² og gjaldið fylgir vísitölu neysluverðs.
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða
Til máls tóku: NSH
- c. Funda gerð fræðslunefndar dags 19.10.2009
Í liðnum til afgreiðslu liður 1.
“Erindi frá leikskólastjóra um að ráða fastan afleysingakennara dags. 26/8
Ljóst er að nú er tímabundið álag vegna ungabarns sem tekið var inn á Leikskólann til að leysa vandamál Grunnskólans. Málið hlaut töluverða umræðu, málavextir liggja fyrir og nefndin ákvað að vísa málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu,.
Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
Fundargerð samþykkt samhljóða
Til máls tóku: SHS, HS, SS, NSH

Fundargerð Jónsmessunefndar dags 22.09.2009
Lögð fram til kynningar.
Til máls tóku: JH

- d. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins vegna stöðugleikasáttmálans dags 21.10.2009
Lögð fram til kynningar.
Til máls tóku:
- e. Fundargerð samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál

dags 22.09.2009

Lögð fram til kynningar.

Til máls tóku:

f. Fundargerð Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál

dags 16.10.2009

Lögð fram til kynningar

Til máls tóku:

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

3. Til kynningar

a. Vegvísir.

Lagt fram til kynningar.

b. Bréf frá samgönguráðuneytinu dags 21.10.2009

Lagt fram til kynningar.

4. Gjaldskrá fyrir félagsheimilið Þórsver.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu sína að gjaldskrá fyrir Þórsver sem verður sett á heimasíðu Langanesbyggðar fljótlega

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: HS, SHS, JH, EJ

5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun (fyrri umræða)

Eftir spurningar/svör og umræður var hún samþykkt samhljóða

Til máls tóku: Allir

6. Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Lánasamningur nr. 45/2009 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 60.000.000,- kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við gatnagerð á Þórshöfn, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnólfí Lárussyni sveitarstjóra, kt. 150961-5569 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Langanesbyggðar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: Allir

Jafnframt óskaði sveitarstjóri eftir því að fá að taka lán allt að upphæð 40.000.000 í Sparisjóði Þórshafnar sem yrði síðan greitt upp með láninu frá lánasjóðnum þar sem fundur í Lánasjóðnum, verður ekki fyrr en 18. nóvember nk.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku:

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl: 19:02